

Þingsályktun

um rannsóknir á botndýrum við Ísland.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Hafrannsóknastofnun vinna áætlun um frekari rannsóknir á botndýrum við Ísland með megináherslu á tegundir sem vænlegar eru til nýtingar.

Áætlunin skipi rannsóknarsvæðum í forgangsröð og áætli fjárförf rannsókna. Meta skal hversu mikinn hluta rannsókna megi vinna í samvinnu við útgerðarmenn og fyrirtæki sem þegar nýta botndýr.

Tilgangur rannsókna verði meðal annars að leita nýrra miða og meta veiðipól stofna. Jafnframt verði gerðar tillögur um hvernig best verði staðið að ráðgjöf og stuðningi við þróun og vinnslu á vannýttum botndýrum og markaðssetningu afurðanna.

Samþykkt á Alþingi 8. maí 1993.